



201. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 23. ágúst 2012.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Friðrik Einarsson, Örn Andrésón, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.

Forföll: Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Gunnlaugur Júlíusson.

1. Ólympísk verkefni

Ólympíuleikarnir í London 2012

Forseti ÍSÍ fór yfir þátttöku Íslands í Ólympíuleikunum í London. Almenn ánægja er með þátttöku Íslands svo og framkvæmd leikanna hvort heldur það sem sneri að keppendum eða þeir þættir sem sneru að áhorfendum og almenningi. Í farvatni er að halda stöðufund með fulltrúum sérsambanda sem áttu keppendur á leikunum. Þá er fyrirhugað að halda vinnufund framkvæmdastjórnar þar sem meginþemað verður afreksmálefni. Einnig er fyrirhugaður sameiginlegur fundur með Ólympíufjölskyldu til að fara yfir samstarf síðustu ára og þá einnig framhald og endurnýjun saminga.

Finna þarf tímasetningu til að afhenda „þátttökumerki“ sem samþykkt var á síðasta ári að afhenda öllum þeim sem taka þátt í Ólympíuleikum á vegum ÍSÍ.

Almennar umræður urðu um keppnislágmörk, þjálfun afreksíþróttafólks og undirbúning fyrir þátttöku í ólympískum verkefnum.

Önnur verkefni

Formaður Afreks – og ólympíusviðs ÍSÍ greindi frá því að á næsta fundi þarf að tilnefna aðalfararstjóra vegna Vetrarólympíuhátíðar Evrópuæskunnar 2013 sem fram fer í Brasov í Rúmeníu. Þá er undirbúningur þegar hafinn fyrir önnur verkefni á árinu 2013 sem og vegna Vetrarólympíuleikanna í Sochi 2014. Sviðið fyrirhugar að halda fund á haustmánuðum með sérsamböndum vegna Ólympíuleikanna í Ríó 2016.

2. Afmæli ÍSÍ

Örn Andrésón formaður Afmælisnefndar ÍSÍ skýrði frá því verið er að vinna að gerð/þýðingu á kennslu/fræðslufni um íþrótt – og ólympíuhreyfinguna og gildi hennar. Undirbúningur er hafinn að hófi vegna kjörs íþróttamanna og kvenna sérsambanda og vali á Íþróttamanni ársins en fyrirhugað er að í ár verði sá viðburður með veglegri hætti en undanfarin ár í tilefni af afmæli ÍSÍ.

3. Norrænn fundur

Norrænn fundur íþróttasambanda og ólympíunefnda verður haldinn í Hveragerði 13.-16. september 2012 n.k. Undirbúningur er í fullum gangi og hefur þegar verið sent eftir þátttökutilkynningum og drög að dagskrá kynnt. Miðað er við að embættismenn stjórnar og framkvæmdastjóri sitji fundinn en fyrirhugað að aðrir stjórnarmenn hafi tök á að sitja sem áheyrnarfulltrúar.

4. Staða starfsskýrslukila

Í samræmi við samþykkt síðasta fundar framkvæmdastjórnar er búið að senda út tilkynningar um keppnisbönn til þeirra aðildarfélaga sem ekki hafa staðið skil á starfsskýrslum, bannið tekur gildi 3. september n.k.

5. Heiðranir

Fjallað var um erindi þar sem óskað er eftir heiðrun. Erindinu vísað til Heiðursráðs og óskað eftir tillögu frá því fyrir næsta fund.

6. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

- 200. fundur framkvæmdastjórnar
- 12. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ frá 19. júlí 2012
- Fundur Lyfjaeftirlitsnefndar frá 28. júní 2012
- 580. - 582. fundur Íslenskrar getspár
- 1.- 5. fundur Íslenskra getrauna

7. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Stefnt er að því að halda næstu fundi framkvæmdastjórnar 27. september, 25. október og 22. nóvember næstkomandi.

9. Önnur mál

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn 23. nóvember n.k. Skrifstofu falið að senda út tilkynningu um fundartímann til sambandsaðila.

Tölvumál

Forseti greindi frá því að fyrr í dag hafi verið undirritaðir samningar við Advania bæði vegna hýsingar á gögnum og einnig vegna gerðar á heimasíðu fyrir sambandið.

Íþróttamaður ársins

Forseta og framkvæmdastjóra var falið að funda með Samtökum íþróttafréttamanna vegna vals á Íþróttamanni ársins.

Vetrariþróttamiðstöð Íslands (VMÍ)

Friðrik Einarssonsem er fulltrúi ÍSÍ í VMÍ, greindi frá því að unnið er að endurnýjun á samningi á milli ríkisins og Akureyrarbæjar vegna VMÍ.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Líney Rut Halldórsdóttir, fundarritari